

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV**
Umsögn byggingarfulltrúa
- 3. Drög að reglum Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslu kostnaðar vegna vistunar barna hjá dagmæðrum og drög að reglum um heimagreiðslur.**
- 4. Tilnefning í verkefnisráð vegna fyrirhugaðrar Kröflulínu 3**
- 5. Bréf**
 - a) Forsætisráðuneytið dags. 05.07 2017
 - b) Ríkisskattstjóri dags. 30.06 2017
 - c) Vegagerðin dags. 24.07 2017
- 6. Fjárbeiðnir**
 - a) AHC
 - b) Vinátta í verki
 - c) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs/ gönguleikur Perlur Fljótsdalshéraðs
- 7. Fundargerðir**
- 8. Kosning oddvita og varaoddvita**
- 9. Önnur mál**

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti sat fund á Egilsstöðum 3.júlí. Fundarefni var staða úrgangsmála og gerð svæðisáætlana m.t.t. lagabreytinga á úrgangslögum árið 2014.

Árlegur Fljótsdalsdagur Ormteitis er sunnudagur 13. ágúst. Að venju er gert ráð fyrir dagskrá á Skriðuklaustri, auk annarra viðburða í sveitinni.

Boðað hefur verið til fundar í fundarferð Sambandsins og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, á Djúpavogi 5. september, þar verður kynnt vinna nefndar sem kannað hefur forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Fundurinn hefur það hlutverka að fá fram sjónarmið kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum sem land eiga að miðhálandinu utan Vatnajökulsþjóðgarðs

Farið var með grjótmulningsvél á slóðann að Fjallaskarði.

Nýtt vatnssýni sem tekið var í Laugarfellsskála var í góðu lagi og stenst vatnið allar gæðakröfur.

Samkvæmt tilkynningu frá Þjóðskrá um fasteignamat 2017, hækkar það um 4,5 % í Fljótsdalshreppi.

Samkvæmt mæli við Hengifossá, fjölgaði þeim ferðamönnum sem gengu upp að Hengifossi á tímabilinu 11. júní til 20. júlí, samanborið við síðasta ár, eða um rúmlega 9 þúsund manns.

2. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV

Umsögn byggingarfulltrúa. Varðar Laugarfellsskála. Byggingarfulltrúi mælir með að leyfið verði veitt. Oddvita falið að gefa jákvæða umsögn.

Þorvarður lýsti sig vanhæfan og vék af fundi.

3. Drög að reglum Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslu kostnaðar vegna vistunar barna hjá dagmæðrum og drög að reglum um heimagreiðslur.

Eftir umræður um málefnið og drög að reglum voru fyrirbyggjandi drög að reglum um niðurgreiðslur vegna vistunar barna hjá dagmæðrum samþykkt. Afgreiðslu á reglum um heimagreiðslu frestað.

Þorvarður kom aftur til fundar.

4. Tilnefning í verkefnisráð vegna fyrirhugaðrar Kröflulínu 3. Samþykkt ósk Landsnets um að Fljótsdalshreppur taki þátt í samráðsvettvanginum með tilnefningu fulltrúa. Þorvarður Ingimarsson tilnefndur.

5. Bréf.

a) Forsætisráðuneytið dags. 05.07 2017. Óskað eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið sé aðili að samningum um nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, náma og annarra jarðefna innan þjóðlendna. Sveitarfélagið er ekki aðili að slíkum samningum, utan nýgerðs samnings við ráðuneytið um lóðaafnot við Laugarfell.

b) Ríkisskattstjóri dags. 30.06 2017. Varðar óafgreiddar virðisaukaskattskýrslur. Tilkynning um tafir embættisins á afreiðslu erindis Fljótsdalshrepps frá árinu 2015.

c) Vegagerðin dags. 24.07 2017. Tilkynningin um kr 1.200- þús styrkveitingu úr Styrkvegaskjóði. Meginhluti styrksins verður nýttur í lagfæringu með grjótmulningsvél á yfirborði slóða að Fjallskarði.

6. Fjárbeiðnir.

a) AHC. Hafnað.

b) Vinátta í verki. Samþykkt að styrkja söfnun vegna hamfara á Grænlandi um kr. 100 þús.

c) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs/ gönguleikur Perlur Fljótsdalshéraðs. Samþykkt kr 30 þús.

7. Fundargerðir.

Engar fundargerðir til afgreiðslu

8. Kosning oddvita og varaoddvita. Gunnþórunn kosin oddviti út kjörtímabilið og Lárus kosinn varaoddviti út kjörtímabilið.

9. Önnur mál.

a) Samþykkt að endurnýja ekki aðild að rammasamningi ríkisins um innkaup, vegna mikillar hækkunar á aðildargjaldi.

b) Tilboð sem barst í fasteignir Ársala að Lagarási 21-33, þótti of lágt og var hafnað.

c) Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um skólaakstur næsta skólaárs. Akstursleið Valþjófsstaður 1- Droplaugarstaðir-Egilsstaðir.

Fundi slitið kl. 16.45

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)